

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. a laganna:

- a. Í stað orðanna „reglugerð dómsmálaráðuneytisins“ í 1. tölul. kemur: lög og reglugerðir sem fjalla.
- b. 2. tölul. fellur brott.

#### 2. gr.

Við lögini bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 55. gr. laganna skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi á viku að yfirvinnu meðtalinni ekki vera umfram 58 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili fram til 31. júlí 2007. Á tímabilinu 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2009 skal hámarksvinnutími lækna í starfsnámi skv. 1. málsl. ekki vera umfram 56 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Vinnuveitandi skal hafa samráð við fulltrúa starfsmanna með góðum fyrirvara með það í huga að ná samkomulagi, þar sem því verður við komið, um tilhögun vinnutíma á aðlögunartímabilinu. Hlutaðeigandi samtökum aðila vinnumarkaðarins er jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um tilhögun vinnutíma lækna í starfsnámi á aðlögunartímabilinu. Að öðru leyti gildir 55. gr. laganna um lækna í starfsnámi.
8. Reglur þær sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setti fyrir gildistöku laga nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglur eru settar af félagsmálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

#### 3. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 32. lið h XVIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 45/2004, sbr. einnig tilskipun nr. 2000/34/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 93/

Nr. 138

20. desember 2005

104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Árni Magnússon.*

---

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005